

**Nd.**

**452. Frumvarp til laga**

[210. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla og Stóra-Spákonufell í Höfðahreppi.

Flm.: Pálmi Jónsson, Gunnar Gíslason, Björn Pálsson, Skúli Guðmundsson, Eyjólfur Konr. Jónsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Höfðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu jarðirnar Höfðahóla og Stóra-Spákonufell í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Jarðirnar Höfðahólar og Stóra-Spákonufell hafa verið í eyði sem bújarðir í fjölda ára, og verður að telja ólíklegt, að þær, eða hluti úr þeim, byggist að nýju sem slíkar. Höfðahreppur hefur haft jarðirnar á leigu, og í landi þeirra hefur byggzt kaupúnið Höfðakaupstaður.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Höfðahrepps, sem hefur samþykkt einróma að óska eftir því, að heimild verði veitt til sölu jarðanna. Fylgir hér með bréf frá sveitarstjóra Höfðahrepps, dags. 22. marz 1969, með útdrætti úr fundargjörðabók Höfðahrepps varðandi þetta efni.

**Fylgiskjal.**

**SVEITARSTJÓRI HÖFÐAHREPPS**

Höfðakaupstað, 22. marz 1969.

Úrdráttur úr fundargerðarbók Höfðahrepps, fundur 22. marz 1969.

I. mál. Rætt um kaup Höfðahrepps á jörðunum Höfðahólum og Spákonufelli af ríkinu.

„Samþykkt var samhljóða að óska eftir því við ríkissjóð, að Höfðahreppur fái báðar jarðirnar keyptar, þar sem kaupúnið er byggt á landi þeirra, og að þingmenn kjördæmisins beri þetta mál fram á yfirstandandi þingi, svo kaupin geti farið fram hið fyrsta“.

Réttan útdrátt staðfestir hér með:

Porfinnur Bjarnason,  
sveitarstjóri.